

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 25. mars 2011

Jóhanna Margrét Gísladóttir er nýja stelpan á skjánum

- Mæna gefin út
- Fjölskyldur í tískunni
- Vorförðun
- Á rúmstokknum

TILBOÐ

Kr. 114.950



@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EDA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

**FRÁBAERT
FARTÖLVUTILBOÐ**

Acer Aspire 5742G-373G32MN



- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED CineCrystal skjár
- ATI Mobility Radeon HD 5470 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

núna

* Ekki missa af



RÓMANTÍSKT ÆVINTÝRI

Fatahönnunarfyrirtækin Andersen & Lauth og Farmers Market standa að viðburði í porti Hafnarhússins í kvöld í tengslum við HönnunarsMars. Atburðurinn nefnist Hljómur úr hönnun og er unninn í samstarfi við tónlistar- og kvikmyndagerðarfólk. Þar verður hinu ævintýralega yfirbragði A&L fléttað saman við sveitarómantíkina sem einkennir Farmers Market svo úr verður íslenskt ævintýri. Sýningin hefst klukkan 20.30.

blogg vikunnar

Blóm og plómur

Bloggið Thecherryblossomgirl.com er fullt af rómantískum myndum og skemmtilegri tísku. Blogginu hefur verið haldið úti frá árinu 2007. Sú sem stendur á bak við síðuna er hin af hinni franska Alix en stúlkan er menntaður hönnuður, rekur eigið tískumerki og sinnir ýmsum tískutengdum verkfernum samhliða bloggskrifunum.



Bloggið inniheldur bæði myndir af henni sjálfri og því sem hún klæðist dagsdaglega og myndir af nýjustu straumum og stefnum innan tískuheimsins.

Sem fluga á vegg

Síðan jakandjil.com/blog er stútfull af stórskemmtilegum myndum úr heimi tískunnar. Lesandanum gefst meðal annars færi á að skimast svölitið bak við tjöldin á tíkusýningum stóru tískuhúsanna og einnig að fylgjast með götutískunni í helstu stórborgum heims. Bloggið er bæði litríkt og skemmtilegt fyrir augað.



Skoða þátt kvenna í grafískri hönnun á Íslandi:

MARGT KOM Á ÓVART

Tímaritið Mæna er unnið af nemendum á þriðja ári í grafískri hönnun við LHÍ og er þetta önnur útgáfa þess. Í tímaritinu er meðal annars fjallað um þátt kvenna í grafískri hönnun þar sem konur eru hlutgerðar og hlutir kvengerðir.

Að sögn Bergþóru Jónsdóttur, nemanda í grafískri hönnun, er tímaritið samstarfsverkefni nemenda og kennara við LHÍ og viðurkennir hún að margt hafi komið henni á óvart þegar þáttur kvenna í grafískri hönnun var skoðaður. „Það var margt sem kom á óvart þó maður vissi svo sem fyrirfram að það ríkir ekki jafnrétti í þessum bransa,“ segir Bergþóra og tekur sem dæmi hversu fáar konur skipa stjórnunar- og hönnunarstöður hjá auglýsingastofum landsins. „Mér fannst það skjóta skökku

við, sérstaklega í ljósi þess að neyslustýring heimila er í miklum mæli í höndum kvenna og þess vegna beinist markaðssetning oftast beint að þeim.“

Ýmsir fagmenn og -konur lögðu sitt að mörkum með greinaskrifum í tímaritið en nemendur sáu alfarið um útlit og útgáfu þess og viðurkennir Bergþóra að það hafi gengið misjafnlega. „Það er frekar erfitt að setja tuttugu grafíska hönnuði í einn hóp og fá þá til að samræmast um útlit á einhverju. Þetta hafðist þó á endanum og við erum öll mjög sátt við útkomuna,“ segir hún glaðlega.

Hægt verður að nálgast eintak af Mænu á skrifstofu skólans við Skipholt 1. Netútgáfa blaðsins verður einnig aðgengileg á næstu vikum á slóðinni www.maena.is.

- sm

Gefa út blað Tímaritið Mæna er gefið út af nemendum á þriðja ári í grafískri hönnun. Bergþóra Jónsdóttir segir verkefnið hafa verið krefjandi en skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hönnuðinum John Galliano ögrað:

Ekki fordómafullur

Hönnuðurinn John Galliano var há dögnum handtekinn fyrir ill ummæli í garð annarra gesta á veitingahúsi einu í París. Réttáð verður yfir Galliano einhvern tímann á milli apríl og júní og verði hann fundinn sekur um kynþáttafordóma getur hann átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsisvist auk peningasektar.

Í kjölfar ásakananna var Galliano sagt upp störfum sem yfirhönnuði Dior-tískuhússins og telja margir að hann eigi ekki afturgengt inn í heim tískunnar. Galliano hefur þó borist hjálp úr óvæntri átt því Philippe Virgiti, maðurinn sem kærði Galliano fyrir ummælin, sagði í viðtali við Le Parisien að honum þætti málið allt hið versta. „Það varð svo mikið fjölmiðlafár í kringum þetta atvik. Þetta var aðeins rífrildi milli tveggja aðila á bar. John Galliano á þetta ekki skilið og ég vil ekki sjá að ferill hans verði eyðilagður,“ sagði Virgiti og bætti við: „Ég held að hann sé ekki fordómafullur.“



Í vanda John Galliano er atvinnulaus og stendur í miðjum málaferlum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ég held að hann sé veikur og að honum hafi verið ögrað.“ Hvort þessi ummæli Virgiti hafi einhver áhrif á gang mála á þó eftir að koma í ljós.

- sm

augnablikið



FÖNGULEG Leikkonan Evan Rachel Wood mætti í þessum gullfallega kjól á frumsýningu Mildred Pierce í byrjun vikunnar.

NORDICPHOTOS

Íþróttatoppur 1.450.-
Ein stærð

Margir litir.

Íþróttatoppur 1.250.-
Ein stærð

Yoga kvartbuxur:
Stærðir S – L
2.690.-
Yoga síðbuxur:
Stærðir S – L
2.990.-
Litir svart, ljós og dökk grár, hvítur, brúnn og fjólublár.
Yoga síðbuxur:
Stærðir 2XL – 3XL
3.290.-
Svartar.

Íþróttatoppur margir litir
990.-
SM / ML

SOHO MARKET **SOHO/MARKET** Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 14-19. Laugd. 12-17

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Stefán Karlsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurlagny@365.is Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Íslensk hönnun í sinni
fjölbreytilegustu mynd
á Hönnunarmars

Hönnunarmars
DesignMarch
24.-27.03.2011



HÖNNUN EFTIR RÚMLEGA 40 ÍSLENSKA HÖNNUÐI

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



INGIBJÖRG HANNA
BJARNADÓTTIR & HALLA BJÖRK
KRISTJÁNSDÓTTIR/STÁSS/TULIPOPPI/
HALLDÓRA HAFSTEINSDÓTTIR/ÓLÖF
JAKOBÍNA ERNUDÓTTIR & GUÐBJÖRG
KÁRADÓTTIR/KÚLTUR & KAOS/CHUCK MACK/
RAGNHEIÐUR ÖSP SIGURÐARDÓTTIR/
STEINUNN VALA/KRISTRÚN HJARTARDÓTTIR
/HRAFNKELL BIRGISON/AÐALBJÖRG
ERLENDSDÓTTIR/HELENA SÓLBRÁ/
INGIBJÖRG STYRGERÐUR HARALDSDÓTTIR/
SIGRÍÐUR ELFA SIGURÐARDÓTTIR/
GUÐLAUG HALLDÓRSDÓTTIR/SIGRÍÐUR
ÓLAFSDÓTTIR/HRÖNN VILHELMSDÓTTIR/
BJARGEY INGÓLFSDÓTTIR/PÓREY
EYÞÓRSÓTTIR/SARA MARÍA SKÚLADÓTTIR/
RÓSA DESIGN/BRYNDÍS BOLLADÓTTIR/
BRYNJA EMILSDÓTTIR/STEFANÍA
STEFÁNSDÓTTIR/ANNA GUÐMUNDSÓTTIR/
ANNA GUNNARSDÓTTIR/HELGA PÁLÍNA
BRYNJÓLFSDÓTTIR/BERGLIND
SNORRADÓTTIR/JÓN SNORRI/PÉTUR
TRYGGVI/LAUFHEY AGNARSDÓTTIR/PÓRA
BJÖRNSDÓTTIR/DÖGG GUÐMUNDSÓTTIR/
PÓRDÍS HELGADÓTTIR/ÓLAFUR ÞÓR
ERLENDSSON/SYLVÍA KRISTJÁNSDÓTTIR/
JÓN ARI HELGASON/SVERRIR
SVERRISSON/STEFÁN
SNÆBJÖRNSSON
ofl.



EINNIG OPIÐ UM HELGINA, LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 12-16



Katy Perry

Not Like the Movies

Last Friday Night

The One That Got Away

Teenage Dream

shatter

Lakkið eina umferð af Black Shatter yfir þurrar neglur þannig færðu fullkomið Katy útlit!

Prúfið litina á opi.com

O.P.I.

INNHELDUR ENGIN DBP, TOLOURENE EDA FORMALDEHYDE
OPI Nail Lacquers eru öll með hinum einstaka Pro Wide™ Bursta (einkaleyfi)

Prúfið nýju Katy Perry lökkinn hjá Naglafræðing OPI sem verður í Lyfjum & heilsu Kringlunni frá kl 13-17 í dag föstudag og 12-16 á morgun laugardag

Lyf & heilsa Kringlunni

ÁSA NINNA PÉTURSDÓTTIR OG GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON, SAMBYLISFÓLK Reka saman verslunina GK Reykjavík.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvernig atvikaðist það að þið fóruð að vinna saman?

Ása Ninna: Við höfum alltaf átt þann draum að geta byggt eitt-hvað saman upp frá grunni. Við höfum bæði áhuga á tísku og hefur Gummi rekið fyrirtæki í fjölda ára. Svo þegar við sáum þetta tækifæri gátum við ekki annað en stökkið á það.

Hvernig gengur að vinna svo náið með hvort öðru?

Guðmundur: Við erum tiltölulega nýbyrjuð að vinna svona mikið saman og hefur það gengið mjög vel. En við finnum samt strax að það þarf að vanda sig mjög mikið til að skilja að heimilislífið og fyrirtækjareksturinn.

Það getur stundum verið svolítið mikið þegar við erum farin að fara yfir stöðu reikninga og næstu pantanir þegar við erum að bursta tennurnar.

Hver er helsti kostur Guðmundar?

Ása Ninna: Helsti kosturinn hans Gumma er hvað hann er ábyrgðarfullur og alltaf með allt á hreinu. Svo er hann yfirmáta duglegur og metnaðarfullur.

Hver er helsti kostur Ásu Ninnu?

Guðmundur: Helstu kosturinn við Ásu Ninnu er hvað hún er bjartsýn og jákvæð. Hún hefur líka rosalega mikinn metnað fyrir þessu verkefni okkar og vegum við hvort annað upp.

Fjölskyldumeðlimir starfa saman innan tískugeirans:

TÍSKUHJARTAÐ SLÆR Í TAKT

Innan tískuheimsins má finna fjölda fjölskyldufyrirtækja. Sum eru rótgróin og önnur ný af nálinni en þau eiga það öll sameiginlegt að þar koma fjölskyldur saman í nafni tískunnar. Hér má einnig finna slík fjölskyldufyrirtæki og fékk Föstudagur að kynna þeim betur.

EDDA OG SÓLVEIG RAGNA, SYSTUR Hanna fatnað undir heitinu Shadow Creatures.

Hvernig atvikaðist það að þið fóruð að vinna saman?

Edda: Okkur hefur alltaf langað til að vinna saman, og þegar Sólveig flutti til Íslands eftir nám í Danmörku sáum við kjörið tækifæri til að vinna saman. Okkur semur svo vel og tísku-hjartað okkar slær svo vel í takt.

Sólveig: Við höfum alltaf verið mjög samrýmdar og góðar systur og höfðum lengi talað um að fara út í eitthvað skemmtilegt samstarf. Þess vegna lá þetta beint við þegar ég kom heim úr námi frá Danmörku rétt fyrir júl 2009. Við lögðum drög að samstarfinu strax í byrjun árs 2010 og út frá því gerðist þetta einhvern veginn bara af sjálfu sér.

Hvernig gengur að vinna svo náið saman?

Edda: Það gengur mjög vel að vinna saman, við pössum vel upp á hvor aðra og nýtum mismunandi hæfileika okkar til hins ýtrasta. Við kunnum samt alveg að að rífast, en við kunnum líka alveg að sættast.

Sólveig: Það gengur bara rosalega vel. Edda er fatahönnuður en ég arkitekt þannig að við erum með ólíkan bakgrunn þótt báðar séum innan skapandi geira. Það gerir okkar sterkar á mismunandi sviðum svo við bætum hvor aðra upp og erum óstöðvandi saman fyrir vikið. Við erum mjög samstilltar og duglegar að peppa og hvetja hvor aðra. Við fíflumst líka mikið saman, ekki sist á álagstímum til að létta andrúmsloftið. Auðvitað rífumst við stundum eins og öll systkini. Yfirleitt ristir það þó ekki dýpra en svo að ekki sé hægt að laga það



MYND/DANIEL RÚNARSSON

með smá snarli. Við verðum báðar rosa pirraðar þegar við erum svangar!

Hver er helsti kostur Sólveigar?

Edda: Sólveig er einstaklega hæfileikarík á svo stóru sviði. Hún er líka mjög fyndin og það er svo gaman að vinna með henni. Það er erfitt að nefna bara einn hlut herna. Svo er hún líka rosalega umburðarlynd

þegar ég er erfið! Hún er jarðtengingin mín og besti vinur minn.

Hver er helsti kostur Eddu?

Sólveig: Í okkar samstarfi hlýtur helsti kostur Eddu að vera sá hvað hún er hæfileikarík hönnuður. Ég læri helling á að fylgjast með henni að störfum. Hún er líka mjög jákvæð, fyndin og skemmtileg að eðlisfari.

SIGYN OG MUNDI, MÆÐGIN Mundi er hönnuður og Sigyn framkvæmdastjóri.



MYND/JOI KIARTANS

Hvernig atvikaðist það að þið fóruð að vinna saman?

Sigyn: „Mér fannst Mundi vera að gera svo frábæra hluti í fatahönnun og ákvað að skella mér með í slaginn og við stofnuðum saman fyrirtækið MUNDI.“

Mundi: „Ég fór til mömmu og sagði: „Hey, þessar peysur sem ég var að gera eru að fá mikla athygli. Ættum við kannski að stofna fatamerki saman?“

Hvernig gengur að vinna svo náið með hvort öðru?

Sigyn: „Þetta var svolítið mikil samvera til að byrja með þegar við vorum bara tvö í fyrirtækinu og hann bjó enn heima. En eftir að hann flutti að heiman gat ég hætt í mömmuhlutverkinu og við erum alveg ótrúlega góðir vinir og gengur mjög vel að vinna saman.“

Mundi: „Það var stundum strembið fyrstu árin en nú er það laúflétt og yndislegt.“

Hver er helsti kostur Munda?

Sigyn: „Helsti kostur Munda er auðvitað hvað hann er frábær hönnuður og listamaður. Hann er líka mjög einbeittur og smámunasamur með sína hönnun, hvort sem það er fatahönnun, grafísk hönnun, myndlist eða kvikmyndagerð.“

Hver er helsti kostur Sigynjar?

Mundi: „Hún heldur öllu batteríinu saman. Hún er mjög skipulögð, skynsöm og ábyrgðarfull og svo hefur hún talsvert meira vit á peningum en ég.“

WORLD OF INSPIRATION
the PIER
 FOR YOUR

ILMKERTIN OG
 ILMIRNIR
 KOMIN AFTUR

KERTI
 3 FYRIR 2



ILMIR **1190.-**



ILMKERTI FRÁ: **790.-**



STÓLAR **39.900.-**



PAPASAN STÓLL
19.900.-

FERMINGAR

GJAFAVARA FRÁ: **490.-**

GJAFIRNAR OG SKRAUTIÐ



SNYRTIVÖRUR
 - ÁN PARABEN EFNA
 FRÁ: **490.-**



BORÐSKRAUT
 FRÁ: **290.-**




the
PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

myndaalbúmið



Parna er ég að prófa Kalashnikov AK-47 hriðskotabyssu í Víetnam.



Ég og kærastinn minn, Óli, í Boston í sumar.



Ég og mamma fyrir framan Angkor Wat hindúahofið í Kambódíu.



Stolt á hestbaki í Mývatnssveit eins árs gömul með mömmu og Gumma bróður.



Jóhanna Margrét Gísladóttir, fréttakona á Stöð 2, segir hvern dag í vinnunni vera mikið ævintýri.

SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BYÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.

VERTU VELKOMIN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 56 85 305
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 9 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

PÚLSINN Á FÚ Í FYRSTA VIÐTA

Jóhanna Margrét Gísladóttir er nýjasti liðsmaður fréttateymis Stöðvar 2. Hún er dúx úr Versló, hefur gaman af ferðalögum og ákvað að taka einkaflugmanns-próf meðfram háskólanáminu.

Viðtal: Sara McMahon

Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Jóhanna Margrét sleit barnsskónum í Skerjafirðinum, sem hún segir vera eins og lítið þorp í miðri höfuðborginni. Móðir hennar starfar sem kennari en faðir hennar og eldri systkini eru á kafi í fyrirtækjarekstri. Hún hefur mikinn áhuga á viðskiptum og fjármálum og segist ekki hafa langt að sækja þann áhuga. „Systkini mín eru hagfræðingur og viðskiptafræðingur að mennt þannig að viðskipti eru gjarnan rædd við matarborðið þegar fjölskyldan kemur saman,“ segir Jóhanna og brosir.

Aðspurð segist hún kunna því ágætlega að vera yngsta barnið enda fylgi því ýmsir kostir. „Systkini mín eru komin með eigin fjölskyldur og ég gat því valið um

staði til að borða kvöldmat eftir að ég flutti að heiman, það er ákveðinn kostur,“ segir hún hlæjandi. „Við mamma erum líka mjög nánar og ég eyddi miklum tíma með henni og geri enn. Vegna þess að ég átti ekki systkini sem voru nær mér í aldri var ég alltaf mikið með fullorðna fólkinu og ætli maður hafi ekki þroskast mikið á því.“

ÚR BANKA Í SJÓNVARPIÐ

Sé nafn Jóhönnu Margrétar slegið inn í Google-leitarvélina kemst maður meðal annars að því að hún útskrifaðist með hæstu einkunn frá Verslunarskóla Íslands. Jóhanna Margrét viðurkennir að hún hafi ávallt verið mjög námsfús og lagt mikið kapp á að fá góðar einkunnir í skóla. „Ég hef alltaf verið frekar dugleg í skóla, ætli það fylgi því ekki að vera örverpi og dóttir kennara,“ segir hún og brosir.

Í 8. bekk var Jóhanna Margrét færð upp um bekk og þar segist hún hafa blómstrað innan um góða bekkjarfélaga. Að grunnskólanum loknum stóð valið um menntaskóla á milli Kvennaskólans og Verslunarskólans. Mikill áhugi á viðskiptum og öllu því tengdu varð þó til þess að hún ákvað að sækja um í Versló. Eftir stúdentspróf hóf Jóhanna Margrét nám í fjármála- verkfræði við Háskólann í Reykjavík en ákvað eftir hrun að skipta

yfir í rekstrarverkfræði og útskrifaðist með BSc-gráðu úr því fagi síðasta vor.

Hún hóf störf hjá Stöð 2 nú í janúarmánuði en áður hafði hún unnið við gjaldeyrismiðlun hjá Arion banka. En af hverju ákvað hún að skipta um starfsvettvang? „Ég kom aðeins að blaðaútgáfu í Versló og var einnig ritstjóri Háskólablaðsins í HR og hafði alltaf mjög gaman af fjölmiðlastarfinu. Þegar ég sá að Sigríður Mogensen og Guðný Helga Herbertsdóttir voru að hætta hjá Stöð 2 ákvað ég að prófa að sækja um. Ég var síðan kölluð í viðtal og í kjölfarið boðin þessi staða. Mér fannst tilboðið of gott til að hafna því, það voru þó ekki allir í fjölskyldunni sáttir við þá ákvörðun mína að hætta hjá bankanum en eins og bróðir minn sagði þá lifir maður bara einu sinni.“

Ekki hafa allir kjark til að standa fyrir framan upptökuvél og flytja landsmönnum fréttir og segir Jóhanna Margrét að hún hafi verið mjög stressuð fyrir sitt fyrsta viðtal. „Púlsinn var mjög hraður meðan á því stóð, ég skal alveg viðurkenna það. En þetta er skemmtilegt starf og í gegnum það upplifir maður nýtt ævintýri á hverjum degi. Kristján Már fréttastjóri sagði mér að í þessu starfi væri maður stanslaust að læra eitthvað nýtt og það finnst mér mjög heillandi.“

FLÝGUR UM HÁLOFTIN

Jóhanna Margrét er einnig með einkaflugmannspróf sem hún tók samhliða háskólanáminu. Hún segir návígið við Reykjavíkflugvöll á æskuárunum líklega hafa kveikt áhugann en það var pabbi hennar sem plataði hana til að fara í fyrsta flugtímann. „Það er skemmtilegt að segja frá því að við erum nokkur sem vinnum á fréttastofunni sem erum með einkaflugmannspróf. Ég hef samt ekki flogið mikið síðan ég fékk prófið vegna flugvélaeysis en ég stefni á að kaupa mig inn í einhvern klúbb bráðum og þá er planið að ferðast um Ísland í háloftunum,“ segir hún glaðlega.

*** Mér fannst tilboðið of gott til að hafna því, það voru þó ekki allir í fjölskyldunni sáttir við þá ákvörðun mína að hætta hjá bankanum en eins og bróðir minn sagði þá lifir maður bara einu sinni.**

Jóhanna Margrét er í sambúð með Ólafi Sigurgeirssyni heilbrigðisverkfræðingi og kynntust þau í gegnum námið í HR. „Við lentum saman í hóp í samningstækniáfangi í skólanum og þannig kynntumst við upphaflega. Ég gaf honum svo einhvern tímann far heim úr bænum og síðan þróuðust hlutirnir bara eðlilega,“ segir hún.

Það kemur mörgum á óvart að heyra að Jóhanna Margrét neytir ekki áfengis og segist hún hafa tekið þá ákvörðun ung að árum. „Ætli ég sé ekki of „bissí“ til að drekka, ég þarf að nýta hvern dag,“ segir hún og hlær. „Þetta var bara ákvörðun sem ég tók. Ég skemmti mér alveg nógu vel án áfengis þannig að ég sé ekki tilganginn með því að drekka. Maður er vissulega fljótari að detta úr stuði ef maður fær til dæmis yfir sig björglas þegar maður er edru en fyrir utan það er ég alveg jafn hress og hinir. Vinkonum mínum fannst þetta skrítið til að byrja með en

núna eru þær bara voða fegnar að hafa einhvern til að keyra sig heim úr bænum um helgar,“ segir hún glaðlega.

Innt eftir því hvort hún finni aldrei fyrir þrýstingi frá vinum og kunningjum til að smakka áfengi svarar hún því neitandi. „Það var bara á menntaskólaárunum en ekki lengur.“

FERÐAST MIKIÐ

Eitt helsta áhugamál Jóhönnu Margrétar eru ferðalög og hefur hún meðal annars ferðast víða um Asíu og Evrópu. Tólf ára gömul heimsótti hún Indland ásamt móður sinni og mun sú reynsla seint líða henni úr minni. „Ég man vel eftir

fátæktinni og það var mikið sjökk fyrir tólf ára íslenska stelpu að verða vitni að henni. Ég heimsótti svo Kambódíu, Laos og Víetnam fyrir tveimur árum sem var einnig mjög áhugavert. Mamma mín er sögukennari og það var mjög merkilegt að ferðast til dæmis um Kambódíu og fræðast um sögu landsins og alla þá hræðilegu atburði sem áttu sér þar stað fyrir ekkert svo löngu,“ segir hún.

Jóhanna Margrét segist hafa mjög gaman af því að heimsækja önnur lönd og kynnst nýrri menningu og hefur fullan hug á því að prófa að búa erlendis einhvern tímann í framtíðinni. „Mig langar mikið í nám til Bandaríkjanna. Ég held það geri öllum gott að prófa að búa erlendis í einhvern tíma.“ Spurð af hverju Bandaríkin heilli svo segir hún tvær ástæður að baki því: „Bæði af því að mér finnst Bandaríkin sem land mjög skemmtilegt og þar eru líka margar góðir viðskiptaskólar.“

MaxMara



GK REYKJAVÍK

LAUGAVEGI 66 – 101 REYKJAVÍK – S. 565 2820

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU
PARTÝIN MEÐ OKKURm.visir.is
Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.



Meiri Vísir.

VÍSIR

G
RAW

G-STAR RAW

Gemma Arterton

actress

photographed by Anton Corbijn

Gemma wears:
arc griff suit 97651.3879.082

check: g-star.com

Bjóðum 20% afslátt í dag, laugardag og mánudag.

Opið föstudag 11-18, laugardag 11-17.

LAUGAVEGUR 86-94, 101 REYKJAVÍK, S. 511 2007

Útlit

*hrósið öðrum



LOKKANDI RÓSAILMUR Rósalínur frá L'Occitane minnir á rósir og rómantik. Línan inniheldur meðal annars skemmtilega tvennu ilmvatns og gloss sem er hentug til að geyma í töskunni þegar maður er á ferð og flugi. Að auki inniheldur hún háruða sem mýkir hárið og gefur því mildan rósailm.

Ný vorlína Lancôme minnir á glamúr diskótímabilsins:

FALLEG FÖRÐUN FYRIR VORIÐ

Vorlína frá snyrtivöruframleiðandanum Lancôme er innblásin af tísku áttunda áratugarins og glamúr og gleði diskótímabilsins. Línan inniheldur fjölbláa litatóna ásamt gylltum og silfurlitum tónum og er áherslan á kvenleika, frelsi og náttúrulega fegurð.

Hildur Ingadóttir, snyrti- og förðunarfræðingur hjá Lancôme, segir vorlínuna henta bæði konum með heita og kalda litatóna og sýndi lesendum Föstudags hvernig megi ná fram fallegri vorförðun. „Það er bæði hægt að ýkja og draga úr förðuninni eftir hentisemi. Varirnar eru frekar hlutlausar og á þær notaði ég mjög ljósan varalit ásamt föblleiku glossi,“ útskýrir Hildur. Á kinnar notaði hún kinnalit úr vorlínu Lancôme og svoltið sólarpúður til að fríska frekar upp á útlitið. „Á augun notaði ég augnskuggapallettu með silfrudum tónum. Ég notaði einnig silfurlitan augnskugga úr krukku til að draga augun betur fram.“



Vorlegt og flott Hildur Ingadóttir, snyrti- og förðunarfræðingur hjá Lancôme, sýnir hér fallega og kvenlega vorförðun.

Fiðrildi og slaufur Kinnaliturnir eru skreyttir fiðrildum og slaufum.



Kvenlegur Mildur og fallegur varalit úr vorlínu Lancôme.



Glamúr Falleg gloss í vorlínu Lancôme.



Fjölnota Þessa augnskugga má einnig nota á kinnbein, bringu eða í hári.



STILL

Glæsilegt úrval af kjólum í Brúðkaupsveisluna. Njóttu þess að koma!!

Still - Laugavegi 58, 101 Reykjavík
sími: 551 4884 - www.stillfashion.is

Á RÚMSTOKKNUM
Sigga Dögg kynfræðingur

Hjartaró

Ég er talsmaður hreinskilnislegra samskipta þar sem maður segir það sem maður meinar og meinar það sem maður segir. Vissulega geta orð sært og mín hafa gert það í ófáum tilfellum en ég vil samt trúna því að sannleikurinn sé tímabundinn sársauki eins og rífa af sér plástur. Þetta viðhorf var mér ekki alltaf til framdráttar í leit minni að maka. Með maka er ég ekki endilega að meina „hinum eina rétta að eilífu“. Ég er ekki viss um að það sé einn réttur maki handa hverjum og einum heldur er það misjafnt eftir tímabilum hvernig hver einstaklingur passar við mann.

Mér fannst makaleitin flókin en skemmtileg. Ég hafði gaman af því að líta yfir troðfullan skemmtistað og velta því fyrir mér hvort einhver þarna inni fengi hjarta mitt til að slá hraðar. Þegar hjartað tók aukslag einkenndust næstu dagar af þvölum lófum, hjartaflökki, stuttum andardrætti og sælubrosi. Svo kom að því. Óvissan um framtíðina tók yfirhöndina og spurningin sem enginn nennir að ræða var farin að verða hávært suð sem olli höfuðverk og perringi, „hvað erum við að gera?“ Það ætla sér enginn að fá þennan höfuðverk heldur læðist suðið upp að manni og verður háværra með tímanum þar til annar aðilinn tekur málin í sínar hendur og segir af eða á. Ég hef verið báðum megin við borðið, bæði sú sem þráir svörin en þorir ekki að spyrja og sú sem forðast spurninguna með því að neita að svara. Líkaminn þolir illa þetta ástsjúka tímabil adrenalíns og óvissu, hjartað vill slá með sínum taktfasta hætti og suðið í höfðinu þarf að þagna.

* Þegar hjartað tók aukslag einkenndust næstu dagar af þvölum lófum, hjartaflökki, stuttum andardrætti og sælubrosi.

Sumir hafa fundið leið til að komast hjá þessu ófremdarástandi með því að tilkynna hátt og snjallt við fyrstu kynni „ég er ekki að leita mér að sambandi“. Málið er dautt og báðir aðilar vita að hér er um tímabundinn leigusamning að ræða. Þó virðist það ekki alltaf vera svo, allavega ekki ef marka má glanstímarit sem veita ráð um hvernig megi „snúa“ viðkomandi. Persónulega mæli ég gegn slíkum ráðum, þetta er ekki orðaleikur heldur ber að treysta viðkomandi, hann langar ekki í samband með þér. Það er raunveruleg merking þessa setningar; þó að viðkomandi sé vissulega til í að eyða tíma með þér veit sá að hér er ekki um langtímasamband að ræða. Mikill tímasparnaður er því fólgin í yfirlýsingunni og hana ber að virða.

Það ætti að vera eins auðvelt að tilkynna að viðkomandi væri að leita að langtímasambandi en svo er ekki. Það er bannorðið sem ekki má nefna í kynnum við mögulega maka því þú gætir hrætt viðkomandi. Undarlegur tvískinnungur sem ég hef kosið að vanvirða í ljósi hreinskilnislegra samskipta. Ef þú veist að hverju hjartað leitar að máttu endilega deila því með heiminum því hugsanalestur er tímafrekur og getur verið særandi.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

NÝJAR VÖRUR VIKULEGA!



Dömur

Bolir	frá 1.290
Gallabuxur	frá 4.990
Leggings	frá 1.490
Dragtir	frá 12.990
Brjóstahaldarar 2 í pk.	frá 4.990
Sokkar 5 í pk.	frá 1.990



Herrar

Bolir	frá 1.490
Gallabuxur	frá 4.990
Skyrtur 2 í pk.	frá 4.990
Nærbuxur 5 í pk.	frá 3.990
Sokkar 7 í pk.	frá 2.490
Jakkaföt	frá 22.990

Börn

Náttgallar 3 í pk.	0 -18 mán.	frá 4.490
Langermabolir 4 í pk.	3 mán. - 5 ára	frá 3.490
Leggings 2 í pk.	3 mán. - 5 ára	frá 2.490
Hettupeysur	3 -12 ára	frá 3.490
Gallabuxur	3 -12 ára	frá 2.490
Skyrtur	3 -12 ára	frá 2.990

Kíktu á verðin!

next

FYRIR ÞIG OG ÞÁ SEM
ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM!



Einn litur. Stærðir 36-41.
Verð 8.995 kr.



2 litir, svart og rautt. Stærðir 36-41.
Verð 17.995 kr.



Einn litur. Stærðir 36-41.
Verð 17.995 kr.



Einn litur. Stærðir 36-41.
Verð 8.995 kr.

Fæst í Kaupfélaginu Kringlunni og Smáralind
www.facebook.com. Kaupfélagið Kringlunni/Smáralind

Fást í GS skóm Kringlunni og Smáralind
www.facebook.com. GS skór
www.ntc.is



SHOE BIZ
Leður innan og utan
Litir: Svart og beige
Verð: 21.990,-



BDA
Leður innan og utan
Til í svörtu og ljósbrúnu
Verð: 17.990,-



Billi Bi
Leður innan og utan
Litur: svart
Verð: 31.990,-

KOMDU Í PARTY!

Fátt er skemmtilegra en að mæta í nýrri flík eða nýjum skóm á árshátíð



1 litur, stærðir 36-41.
Verð 14.900 kr.



2 litir, svart og ljóst. Stærðir 36-41.
Verð 14.900 kr.

Bianco Kringlunni. S: 5332130.
www.facebook.com/biancoiceland



2 litir, svart og ljóst. Stærðir 36-41.
Verð 15.900 kr.

Bata skóverslun Smáralind
[www.facebook.com/Bata Smáralind Island](http://www.facebook.com/Bata_Smáralind_Island)



Tveir litir: ljós og svartur. Verð kr 12.490.-



Tveir litir: Kamelbrúnt og svart. Verð 19.690 kr.-



Þrjú litir: Svartur, ljós og blár. Verð 9.890.kr-

Arna verslun Grímsbæ
Efstalandi 27 - 108 Reykjavík
Sími: 527 1999



Bolur
Verð: 4.990
Ein stærð
Litir: Peach, svartur og beige



Svartur kjóll
Verð: 7.990
Stærðir: SM - ML
Litir: Svartur og metal.



Kjóll
Verð: 9.990
Stærðir: 1 og 2
Litir: Fjólublár, hvítur, beige og rústbrúnt.

Belladonna
Skeifunni 8
S: 517-6460

Blúndu ermar:
Verð: 8.680
Stærðir: 42 - 48



Mynstraður kjóll
Verð: 16.980
Stærðir: 42 - 54
Litir: Mynstur og svartur.



Svartur kjóll
Verð: 15.980
Stærðir: 42 - 52



Blágrænn kjóll
Verð: 15.860
Stærðir: 44 - 56
Litir: Svartur og turkis

ZARA
Smáralind
s: 522-8344
Kringlu
s: 522-8320



Pils;
Verð: 6.995
Stærðir: 34 - 42
Litir: margir litir



Toppur:
Verð: 4.995
Litir: Margir litir
Klútur: 3.995
Einnig til bleik/fjólublár.



Mynstraður kjóll
Verð: 8.995
Stærðir: XS - XL
Litir: Mynstur og svartur.



Jakki:
Verð: 11.995
Stærðir: XS - XL
Litir: Svartur og brúnn



YFIRHEYRSLAN

Hildur María Valgarðsdóttir,
ljósmyndari.

Háir hælur eða flatbotna skór: Ó,
elskulegu flatbotna skórnir.



Ómissandi í snyrti-
budduna: Bleikur
kinnalitur.

Uppáhalds-
liturinn: Svartur
er uppáhalds og
blár fallegastur.

Hver eru nýjustu
kaupin? Peysa frá Cheap Monday.

Hvað dreymir þig um að eignast?
Mig dreymir um að eignast fullt af alls
konar, kannski eitt stykki fyrirtæki.



Hvaða lag kemur þér í gott skap?
James Brown kemur öllum í gott
skap... eins og lagið Sex Machine.
Og já, Elín Helena.

Uppáhaldshönnuð-
urinn: Það eru allir að
hanna í dag. Finnst þetta
of erfið spurning, verð
að sofa á henni.

Uppáhaldsdrykk-
urinn: Kók, nei, ég
meina Hollustu-
drykkur. Í hann fer
ein lúka spinat (gott
að geyma það í
frysti og nota það
frosið), 100 g frosið
mangó eða ananas
og 3 dl Happy Day
Multivitamin safi.



BALLIÐ
Á BESSASTÖÐUM

„Gleði“ ★★★★★ GSB, Mbl.

„Mikill fengur að fá nýtt og velskrifað barnaleikrit á fjalirnar“. SG, Viðsjá

„Þetta er fjörug sýning, full af óvæntum smáum og stórum atriðum og sniðugum lausnum“. SA, TMM

Sýnt alla sunnudaga í Þjóðleikhúsinu | Miðasala Hverfisgötu | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is



FACTORY OUTLET

Fákafeni 9 S. 660-1754

Opið:
Mán - Lau. 10 - 6
sunnud. 1 - 6